



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

**Rannsóknir á fiskistofnum nokkurra áa á
Norðausturlandi 2017**
*Research on fish stocks in several rivers at North-East
Iceland 2017*

Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís Njarðardóttir
og Sigurður Óskar Helgason

**Rannsóknir á fiskistofnum nokkurra áa á
Norðausturlandi 2017**
*Research on fish stocks in several rivers at
North-East Iceland 2017*

Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís Njarðardóttir
og Sigurður Óskar Helgason

Skýrslan er unnin fyrir:

Veiðifélag Svalbarðsár

Veiðifélag Sandár

Veiðifélag Hölnár

Veiðifélag Hafralónsár

Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu-Kverkár í Bakkafirði

Veiðifélagið Hölkni

Veiðifélag Selár í Vopnafirði

Veiðifélag Vesturdalsár

Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár

Upplýsingablað

Titill: Rannsóknir á fiskistofnum nokkurra áa á Norðausturlandi 2017. <i>Research on fish stocks in several rivers at North-East Iceland 2017</i>		
Höfundur: Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís Njarðardóttir og Sigurður Óskar Helgason		
Skýrsla nr: HV 2018-23	Verkefnisstjóri: HB	Verknúmer: 10999
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 129	Útgáfudagur: 23. maí 2018
Unnið fyrir: Veðifélag Svalbarðsár Veðifélag Sandár Veðifélag Hölnár Veðifélag Hafralónsár Veðifélag Miðfjarðará og Litlu-Kverkár í Bakkafirði Veðifélagið Hölkni Veðifélag Selár í Vopnafirði Veðifélag Vesturdalsár Veðifélag Hofsár og Sunnudalsár	Dreifing: Opin	Yfirlit af: Guðni Guðbergsson
Ágrip Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís Njarðardóttir, og Sigurður Óskar Helgason. Rannsóknir á fiskistofnum nokkurra áa á Norðausturlandi 2017. Samþættar rannsóknir í ám á NA-horni landsins hafa nú staðið yfir í fjögur ár. Rannsóknir voru margþættar. Farið var í seiðarannsóknir í sjö ár, Vesturdalsá, Hofsá og Selá í Vopnafirði, Hölná í Bakkafirði, Hafralónsá og Kverká og Sunnudalsá. Seiðarannsóknir samanstanda af greiningu á þéttleika eftir árgöngum, meðallengd, meðalþyngd og holdastuðli. Gönguseiðagildru var komið fyrir í Vesturdalsá, þar sem gönguseiði voru mæld og hluti þeirra merkt áður en þeim var sleppt. Teljarar sem töldu fjölda silunga, smálaxa og stórlaxa voru staðsettir í Vesturdalsá og Selá, auk þess var myndavél komið fyrir í Vesturdalsá þar sem hægt var að greina merka (uggaklippta) laxa. Lestur og greining var framkvæmd á hreistri sem barst úr Hofsá og Miðfjarðará. Samantekt á upplýsingum úr veiðibókum var gerð fyrir fyrrnefnd vatnsföll sem og fyrir Svalbarðsá, Hölná í Þistilfirði, Miðfjarðará og Litlu Kverká og Sandá. Hitamælingar voru gerðar í hluta af ánum. Abstract Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís Njarðardóttir and Sigurður Óskar Helgason. Research on fish stocks in several rivers at the North-East Iceland 2017. This is the fourth year that joint research in rivers at the North-East Iceland has been conducted. Research on parr status was carried out in seven rivers; Vesturdalsá, Hofsá og Selá í Vopnafirði, Hölná í Bakkafirði, Hafralónsá og Kverká og Sunnudalsá. The research included an estimation of		

density for each age group, and calculation of average length, weight and condition. Smolt trap was installed in Vesturdalsá, where smolts were aged and measured and a sample was tagged before being released. Fish counters with the capability identify between salmonid species as well as between 1 sea-winter and 2 sea-winter salmon were operating in Vesturdalsá and Selá. Cameras were also installed with the fish counters in Vesturdalsá to identify tagged (fin clipped) salmon. Scales of adult salmon were analyzed from samples that were taken in Hofsa and Miðfjarðará. Summary of the fishing were made from fishing logs in aforementioned rivers as well as in Svalbarðsa, Hölná í Þistilfirði, Miðfjarðará og Litlu Kverká og Sandá rivers. Temperature was measured with data loggers in part of the rivers.

Lykilorð: Vesturdalsá, Selá, Hofsa, Svalbarðsa, Sandá, Hölná í Þistilfirði, Hölná í Bakkafirði, Miðfjarðará, Hafralónsa, Sunnudalsá, seiðarannsóknir, gönguseiði, fiskteljarar, Norðausturland

Undirskrift verkefnisstjóra:

Allynur Þórðerson

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Guðni Guðbergsson

Efnisyfirlit

Töfluskrá.....	iii
Myndaskrá.....	vi
Inngangur	1
Framkvæmd	1
Niðurstöður og ályktanir	3
1. Hofsá	3
Seiðamælingar – fiskgengur hluti Hofsá	3
Ófiskgengt svæði Hofsár.	4
Laxveiðin og hreistursýni	4
Töflur og myndir	5
Viðaukar	20
2. Vesturdalsá	23
Seiðamælingar	23
Gönguseiði 2017.	24
Veiðin í Vesturdalsá 2017	24
Teljarinn í Vesturdalsá 2017.	25
Töflur og myndir	26
Viðaukar	41
3. Selá	45
Seiðarannsókn neðan Efrifoss	45
Selá ofan Efrifoss	46
Veiðin í Selá 2017	47
Ganga í Selá 2017	47
Töflur og myndir	49
Viðaukar	72
4. Hafralónsá og Kverká í Þistilfirði	75
Seiðarannsóknir	75
Aukastöð í Hafralónsá	75
Veiðin 2017	76
Myndir og töflur	77
Viðaukar	87
5. Hölkná í Bakkafirði	89
Seiðarannsóknir	89
Veiðin 2017	90
Myndir og töflur	91
6. Sunnudalsá í Vopnafirði	100
Seiðarannsóknir	100
Veiðin 2017	100
Myndir og töflur	101

7. Samantekt á veiði í öðrum ám á Norðausturlandi	111
Hölkna í Þistilfirði.....	111
Miðfjarðará og Litla-Kverká	111
Svalbarðsá.....	111
Sandá	112
Myndir	113
Viðauki	120
8. Samantekt	121
9. Þakkarorð	127
10. Heimildir	129

Töfluskrá

Tafla 1-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum á fiskgengum hluta Hofsár 2017	5
Tafla 1-2. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum á ófiskgengum hluta Hofsár 2017	5
Tafla 1-3. Vísitala þéttleika (fjöldi á hverja 100m ²) og meðallengd aldurshópa laxaseiða sem veiddust á ófiskgengu svæði Hofsár árabilið 2002-2017 af stöðvunum við Brunahvamm og Mel	6
Tafla 1-4. Ferskvatns- og sjávaraldur lax í Hofsá 2017, lesið úr hreistri.	6
Tafla 1-5. Hlutdeild mismunandi árganga (klakár) af laxi úr veiðinni í Hofsá 2017.	7
Tafla 2-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum í Vesturdalsá 2017.	26
Tafla 3-1. Niðurstöður seiðamælinga neðan Efrifoss í Selá í ágúst 2017.	49
Tafla 3-2. Niðurstöður seiðamælinga ofan Efrifoss í Selá og Selsá í ágúst 2017.	50
Tafla 3-3. Vísitala þéttleiki (fjöldi á hverja 100m ²) og meðallengdir lax-og urriðaseiða fyrir ofan Efrifoss í Selá frá 2007-2017.	51
Tafla 4-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum í Hafralónsá, A-Grímúlfsá og Kverká 2017.	77
Tafla 4-2. Meðallengdir (cm) aldurshópa laxaseiða í vatnakerfi Hafralónsár fyrir mismunandi ár.	78
Tafla 4-3. Lífþyngd (g) aldurshópa laxaseiða á hverja 100m ² botnflatar í Hafralónsá, frá mismunandi árum.	78
Tafla 4-4. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða (fjöldi á hverja 100m ²) mismunandi aldurshópa á hefðbundnum rafveiðistöðvum í vatnakerfi Hafralónsár, frá mismunandi árum.	79
Tafla 4-5. Þéttleiki laxaseiða á hverja 100m ² botnflatar í rafveiðum 2017, sundurliðað eftir ám.	79
Tafla 5-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum í Hölná í Bakkafirði 2017.	91
Tafla 5-2. Meðallengd mismunandi aldurshópa laxaseiða í Hölná í Bakkafirði, frá mismunandi árum.	92
Tafla 5-3. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða (fjöldi á hverja 100m ²) mismunandi aldurshópa í Hölná í Bakkafirði, frá mismunandi árum.	93
Tafla 6-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum í Sunnudalsá í Vopnafirði 2017.	101
Tafla 6-2. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m ²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) laxaseiða í rafveiðum í Sunnudalsá 2017 á stöðvum fyrir ofan foss (0-4) og neðan foss (5-6).	101

Tafla 6-3. Meðallengd mismunandi aldurshópa laxaseiða í Sunnudalsá neðan foss, frá mismunandi árum.	102
Tafla 6-4. Meðallengd mismunandi aldurshópa laxaseiða í Sunnudalsá fyrir ofan foss, frá mismunandi árum.	103
Tafla 6-5. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða (fjöldi á hverja 100m ²) mismunandi aldurshópa í Sunnudalsá neðan foss, frá mismunandi árum.	104
Tafla 6-6. Vísitala fyrir þéttleika laxaseiða (fjöldi á hverja 100m ²) mismunandi aldurshópa í Sunnudalsá fyrir ofan foss, frá mismunandi árum.	105

Myndaskrá

1-1. mynd. Vatnakerfi Hofsár í Vopnafirði.....	8
1-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Hofsá við Hof árin 2014-2017.....	9
1-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár í Vopnafirði 2017	10
1-4. mynd. Lengdardreifing bleikju- (gular súlur) og urriðaseiða (bláar súlur) í rafveiðum á fiskgengum hluta Hofsár 2017	11
1-5. mynd. Meðallengdir 1+ til 3+ laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár frá 1987-2017.....	12
1-6. mynd. Meðalþyngdir hjá 1+ til 3+ laxaseiðum á fiskgengum hluta Hofsár frá 1989-2017 ...	13
1-7. mynd. Meðalholdastuðull 1+ til 3+ laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár frá 1989-2017.....	14
1-8. mynd. Vísitala þéttleika (fjöldi/100m ²) mismunandi aldurshópa laxaseiða á fiskgengu svæði Hofsár frá 1979-2017.	15
1-9. mynd. Lengdardreifing lax- (rauðar súlur) og bleikjuseiða (gular súlur) í rafveiðum á ófiskgengu svæði Hofsár 2017	16
1-10. mynd. Hlutfall mismunandi gönguseiðaaldurs laxa í veiðinni í Hofsá frá 1988-2017.....	17
1-11. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Hofsá 2017, skipt eftir kyni.	18
1-12. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Hofsá eftir vikum veiðitímabilið 2017.....	18
1-13. mynd. Dreifing silungsveiðinnar í Hofsá eftir vikum veiðitímabilið 2017.....	19
1-14. mynd. Laxveiðin í Hofsá eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017.....	19
2-1. mynd. Uppdráttur af Vesturdalsá í Vopnafirði.	27
2-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Vesturdalsá (v. Ljósstaði) fyrir árin 2014-2017.	28
2-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Vesturdalsá í Vopnafirði í seiðarannsóknnum í ágúst 2017.	29
2-4. mynd. Lengdardreifing bleikju og urriða í rafveiðum í Vesturdalsá 2017 eftir stöðvum.	30
2-5. mynd. Meðallengdir (cm) 1+ til 3+ laxaseiða í Vesturdalsá frá 1987-2017.	31
2-6. mynd. Meðalþyngdir (g) 1+ - 3+ laxaseiða í Vesturdalsá frá 1989-2017.....	32
2-7. mynd. Meðalholdastuðull (Fulton's K) 1+ - 3+ laxaseiða í Vesturdalsá frá 1989-2017.....	33
2-8. mynd. Lengdardreifing gönguseiða laxa í Vesturdalsá í Vopnafirði eftir dögum.....	34
2-9. mynd. Fjöldi veiddra gönguseiða lax í Vesturdalsá 2017 eftir dögum, fyrsti dagur var 13. júní.....	35
2-10. mynd. Meðallengdir gönguseiða (cm) laxa í Vesturdalsá frá 1989 – 2017.	36
2-11. mynd. Meðalþyngd (g) gönguseiða laxa í Vesturdalsá frá 1991-2017.....	37
2-12. mynd. Aldursdreifing gönguseiða í Vesturdalsá frá 1989-2017.....	38
2-13. mynd. Veiði lax og bleikju í Vesturdalsá 2017 eftir vikum.	39

2-14. mynd. Þyngdardreifing hænga og hrygna laxa í Vesturdalsá 2017.	39
2-15. mynd. Fjöldi veiddra laxa og bleikju á hverjum veiðistað í Vesturdalsá 2017.	40
3-1. mynd. Kort af staðsetningu seiðamælingastaða í Selá 2017.	53
3-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Selá við Selárfoss árin 2014-2017.	54
3-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Selá í Vopnafirði 2017, fyrir neðan Efrifoss, lituð eftir aldri seiðanna.	55
3-4. mynd. Lengdardreifing bleikju og urriðaseiða í Selá í Vopnafirði 2017, fyrir neðan Efrifoss.	56
3-5. mynd. Meðallengd (cm) og staðalfrávik þess hjá laxaseiðum í Selá neðan Efrifoss, 1987-2017, skipt eftir aldri.	57
3-6. mynd. Meðalþyngd (g) og staðalfrávik þess hjá laxaseiðum í Selá neðan Efrifoss, 1987-2017, skipt eftir aldri.	58
3-7. mynd. Lífþyngd (g/100m ²) allra árganga laxaseiða í Selá tímabilið 1979-2017.	59
3-8. mynd. Seiðavísitala laxaseiða (fjöldi seiða á hverja 100m ²) fyrir árin 1987-2017.	60
3-9. mynd. Lengdardreifing allra laxaseiða í Selá fyrir ofan Efrifoss og í Selsá (stöð 31) 2017.	61
3-10. mynd. Lengdardreifing allra bleikju- (gular súlur) og urriðaseiða (bláar súlur) í Selá fyrir ofan Efrifoss og í Selsá (stöð 31) í rafveiðum 2017.	62
3-11. mynd. Laxveiði í Selá frá 1975-2017 ef engu væri sleppt (bláar súlur) og viðbót vegna endurveiði (rauðar súlur).	63
3-12. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Selá eftir vikum veiðitímabilið 2017.	64
3-13. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Selá 2017, skipt eftir kyni.	65
3-14. mynd. Laxveiði í Selá 2017 eftir veiðistöðum.	66
3-15. mynd. Lengdardreifing fisks úr teljara í Selárfossi 2017.	67
3-16. mynd. Ganga fisks um teljara í Selárfossi í Selá 2017 eftir tíma sumars.	68
3-17. mynd. Tími dags á göngu fiska um teljara í Selárfossi í Selá sumarið 2017.	69
3-18. mynd. Lengdardreifing fisks úr teljara í Efrifossi 2017.	70
3-19. mynd. Ganga fisks upp teljara í Efrifossi eftir tíma sumars 2017.	71
4-1. mynd. Sýnatökustaðir í rafveiðum í Hafralónsá, Kverká og A-Grímúlfsá 2017.	80
4-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Kverká 2013-2017.	81
4-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Hafralónsá og Kverká í Þistilfirði 2017 litað eftir aldurshópum.	82
4-4. mynd. Lengdardreifing bleikju (gult) og urriðaseiða (blátt) í Hafralónsá og Kverká í Þistilfirði 2017.	83
4-5. mynd. Heildarlaxveiði í Hafralónsá og Kverká frá 1985 – 2017.	84
4-6. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Hafralónsá sumarið 2017, skipt eftir kynjum.	85

4-7. mynd. Laxveiði í Hafralónsá og Kverká sumarið 2017 skipt eftir vikum.....	85
4-8. mynd. Veiði á bleikju og bleiklax í Hafralónsá sumarið 2017, skipt eftir vikum.	86
4-9. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Hafralónsá sumarið 2017, skipt eftir veiðistöðum.....	86
5-1. mynd. Uppdráttur af vatnakerfi Hölná í Bakkaflóa með rafveiðistöðvum 2017.....	94
5-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Hölná í Bakkaflóa fyrir árin 2013-2017.....	95
5-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Hölná í Bakkafirði 2017 litað eftir aldurshópum.....	96
5-4. mynd. Lengdardreifing bleikju (gult) og urriðaseiða (blátt) í Hölná í Bakkafirði 2017.....	97
5-5. mynd. Veiði lax, bleikju og urriða í Hölná í Bakkafirði 1999-2017.	98
5-6. mynd. Laxveiði eftir veiðistöðum í Hölná í Bakkafirði 2010-2017.	99
5-7. mynd. Veiði í Hölná í Bakkafirði sumarið 2017 skipt eftir vikum.	99
6-1. mynd. Uppdráttur af vatnakerfi Sunnudalsár, ásamt nokkrum kennileitum.....	106
6-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Sunnudalsá í Vopnafirði við stiga fyrir árin 2014-2017.	107
6-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða í Sunnudalsá í Vopnafirði 2017 litað eftir aldurshópum.	108
6-4. mynd. Lengdardreifing bleikju í Sunnudalsá í Vopnafirði 2017.	109
7-1. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Hölná í Þistilfirði 2017, skipt eftir kyni.....	113
7-2. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Hölná í Þistilfirði eftir vikum veiðitímabilið 2017.....	114
7-3. mynd. Laxveiðin í Hölná í Þistilfirði eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017.....	114
7-4. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Miðfjarðará og Litlu-Kverká 2017, skipt eftir kyni.....	115
7-5. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Miðfjarðará og Litlu Kverká eftir vikum veiðitímabilið 2017.	116
7-6. mynd. Laxveiðin í Miðfjarðará og Litlu-Kverká eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017.....	116
7-7. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Svalbarðsá í Þistilfirði 2017, skipt eftir kyni.....	117
7-8. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Svalbarðsá eftir vikum veiðitímabilið 2017.....	117
7-9. mynd. Laxveiðin í Svalbarðsá eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017.	118
7-10. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Sandá í Þistilfirði 2017, skipt eftir kyni.....	118
7-11. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Sandá eftir vikum veiðitímabilið 2017.....	119
7-12. mynd. Laxveiðin í Sandá eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017.	119
8-1. mynd. Meðalhiti maí-júní (°C) fyrir mismunandi ár á Norðausturlandi.	122
8-2. mynd. Fylgni vatnshita, mældur sem samanlagður meðalhiti hvers dags yfir tímabilið maí- júní (gráðudagar), og meðallengdar 0+ laxaseiða fyrir sjö ár á Norðausturlandi árin 2007-2017.	123

8-3. mynd. Fylgni vatnshita, mældur sem samanlagður meðalhiti hvers dags yfir tímabilið maí-júní (gráðudagar), og meðallengdar 1+ laxaseiða fyrir sjö ár á Norðausturlandi árin 2007-2017.	124
8-4. mynd. Fylgni vatnshita, mældur sem samanlagður meðalhiti hvers dags yfir tímabilið maí-júní (gráðudagar), og meðallengdar 2+ laxaseiða fyrir sjö ár á Norðausturlandi árin 2007-2017.	125

Inngangur

Hafrannsóknastofnun hefur í samráði við veiðifélög níu áa á Norðausturlandi sinnt rannsóknum á seiðaástandi laxfiska. Seiðarannsóknir hafa verið framkvæmdar hvert ár í Selá, Vesturdalsá og Hofsá í Vopnafirði. Í sex öðrum ám, þ.e. Svalbarðsá, Hölkná og Hafralónsá í Þistilfirði, Miðfjarðará og Hölkná í Bakkafirði og Sunnudalsá í Vopnafirði hafa rannsóknir verið framkvæmdar annað hvert ár. Árið 2017 voru seiðarannsóknir framkvæmdar í Hafralónsá í Þistilfirði, Hölkná í Bakkafirði og Sunnudalsá ásamt þremur fyrrnefndum ám í Vopnafirði. Hafrannsóknastofnun (áður Veiðimálastofnun) hefur meðal annars vaktað seiðanýliðun, útgöngu gönguseiða, útbreiðslu laxfiska, mat á gæðum búsvæða, mælingar á vatnshita og söfnun og greining á hreistursýnum í þessum ám og ná lengstu samfelldu rannsóknir stofnunarinnar aftur til ársins 1979. Margar skýrslur og vísindagreinar sem aukið hafa þekkingu og skilning á náttúrulegum sveiflum í ástandi laxfiskastofna bæði hér á landi sem og erlendis eiga rætur í þessum rannsóknum. Einnig er mikilvægt að þekking á ástandi seiðastofna sé nýtt til veiðistýringar á þann hátt að hrygningarstofnar viðhaldist á sjálfbæran átt. Þetta á einkum við nú þegar mælingar á mörgum laxastofnum í Norður-Atlantshafi benda til þess að þeir eigi undir högg að sækja og að endurheimtur séu með lágsta móti, og hafa margar laxveiðiár skilað verri laxveiði en sést hefur lengi (Torbjörn Forseth o.fl. 2017, Kevin D.Friedland o.fl. 2014, ICES 2017). Laxveiði í ám á Norðausturlandi hefur alltaf verið sveiflukennd, en undanfarin ár hafa einkennst af minnkandi veiði frá því að veiðin náði miklu hámarki í flestum ánum árin 2006-2008 (Þórólfur Antonsson o.fl. 2015).

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum seiðarannsókna í þeim sex ám sem rannsakaðar voru 2017, ásamt því að greint verður frá veiðitölum í öllum níu ánum. Vatnasviði og umhverfi ána hefur verið lýst í fyrri skýrslum (Þórólfur Antonsson o.fl. 2015 og 2016, Hlynur Bárðarson o.fl. 2017).

Framkvæmd

Ástand seiðastofna var rannsakað með rafveiðum í sex ám á Norðausturlandi 17.-27. ágúst 2017. Rafveiðin fór þannig fram að notast var við rafveiðibúnað sem byggðist á rafstöð sem gaf frá sér 220 volta riðstraum sem umbreytt var í 300 volta jafnstraumsspennu og straumurinn sem myndaðist var um 0,4 amper. Hlutlaus katóða mynduð úr málm-mottu var látin liggja á botni árinna meðan anóðan var málmhringur á enda stangar sem beint var yfir rafveiðisvæðið. Rafstraumur veldur því að seiði rotast tímabundið og fljóta uppá yfirborðið þar sem þau eru háfuð upp. Öll seiði voru tegundagreind og lengdar- og þyngdarmæld. Upplausn lengdarmælinga var 1 mm og þyngdarmæling 0,1 gramm. Sýni voru tekin af hluta seiðanna til aldursgreiningar, en flestum var sleppt aftur eftir mælingar. Aldursgreining fór fram með talningu á áhringjum sem myndast í kvörnum seiða. Aldur var skilgreindur þannig að þau seiði sem tilheyra klaki vorsins 2017 eru kölluð vorgömul eða 0+, seiði úr klakárgangi 2016 teljast eins árs og kölluð 1+ og svo framvegis. Í skýrslunni verður notast við númerin (0+, 1+, 2+, 3+ o.s.frv.) þegar greint verður frá aldri. Farin var ein umferð á hverri rafveiðistöð en við það næst aðeins hluti af þeim seiðum sem eru á viðkomandi svæði. Sterkt samband er

á milli heildarfjölda seiða og þeim fjölda sem næst hverju sinni í einni umferð (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005). Rafveiðarnar eru framkvæmdar eins frá ári til árs og frá einum stað til annars og út frá þeim var reiknuð svokölluð vísitala fyrir þéttleika seiða. Vísitala þéttleika hvers árgangs var reiknuð miðað við fjölda seiða á hverja 100 fermetra. Í skýrslunni verður alltaf átt við vísitölu þéttleika þegar fjallað er um þéttleika seiða. Til að fá mat á ástand seiða var holdastuðull (Fulton's K) reiknaður en hann byggist á sambandi lengdar og þyngdar með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Holdastuðull (K)} = \left(\frac{\text{Þyngd}}{\text{Lengd}^3} \right) \times 100$$

Þar sem þyngd var í grömmum og lengd í sentímetrum (Fulton 1904). Holdastuðull er yfirleitt í kringum 1 hjá laxfiskum í eðlilegum holdum.

Í Vesturdalsá var komið fyrir gönguseiðagildru til að ná úrtaki af þeim laxaseiðum sem voru á leið til sjávar. Bleikjuseiði og einstaka urriðaseiði veiðast einnig, en markmiðið er að ná göngu laxaseiða. Gildran var sett niður þann 15. júní og tekin upp 18. júní. Hluti af gönguseiðunum var tekin til aldursgreiningar, en megin hluti þeirra merktur með örmerkjum og þeim síðan sleppt aftur neðan við gildruna. Veiðiugginn var klipptur af öllum merktum laxaseiðum til auðkenningar þannig að hægt verði að greina endurheimtan merktan lax frá ómerktum. Í Vesturdalsá og tveimur stöðum í Selá voru starfræktir fiskteljarar sem töldu fullorðna fiska sem gengu upp árnar og skráðu göngutíma þeirra. Hægt er að nota samband hæðar og lengdar til að fá mat á lengd fiska og þar með að greina á milli silunga, smálaxa (lax sem hefur dvalið eitt ár í sjó) og stórlaxa (lax með tveggja ára sjávardvöl). Í Vesturdalsá var teljarinn einnig með myndavél þannig að hægt var að sjá hvort laxar sem ganga upp hafi verið merktir (veiðiuggi klipptur) og hægt að greina með öruggari hætti milli silunga og laxa og annarra sjaldgæfari tegunda eins og bleiklaxa.

Stangveiði var tekin samanskipt eftir tegundum. Í skýrslunni á afli við um fjölda þeirra fiska sem var landað, en veiði á við þá fiska sem veiddust hvort sem þeim var landað eða sleppt. Veiðinni var einnig skipt niður á vikur og veiðistaði fyrir hverja á (þegar veiðin var skráð á númeraða veiðistaði í veiðibókum). Þyngdardreifing laxa var greind, skipt eftir kyni og hlutfall stórlaxa og smálaxa var reiknað. Við það voru notuð þyngdarmörk þannig að allar hrygnur 3,5kg eða þyngri, og allir hængar 4,0kg eða þyngri töldust stórlaxar, en léttari laxar voru smálaxar. Þegar þyngd var ekki skráð var notast við samband þyngdar og lengdar og þyngd uppreiknuð út frá lengd.

Úr Hofsá og Miðfjarðará bárust hreistursýni af fullorðnum laxi til greiningar. Hreistursýni voru mynduð og ferskvatnsaldur og sjávaraldur lesin. Einnig er hægt að sjá á hreistri hvort laxar hafi hrygnt áður og séu að koma aftur til hrygningar og voru slík tilfelli skráð.

Síritandi hitamælar voru staðsettir í Hofsá, Selá, Svalbarðsá, Vesturdalsá, Hafralónsá/Kverká, Hölkná í Bakkaflóa og Sunnudalsá. Greint verður frá hitamælingum fyrir viðeigandi ár í undirköflum hér á eftir.

Niðurstöður og ályktanir

1. Hofsá

Seiðamælingar fóru fram í Hofsá 21.-23. ágúst með rafveiðum á átta stöðum á fiskgengu svæði Hofsár og þremur á ófiskgengu svæði (1-1. mynd). Hitamælingar í Hofsá við Hof benda til þess að vorið (maí-júní) 2017 hafi verið hlýtt og hitastigið í ánni var komið upp undir 10°C í lok maí en datt svo niður og mældist vatnshitinn yfir sumarið mánuðina júlí og ágúst á pari við árin 2014 og 2013 en heitara en sumarið 2015 sem var kalt (1-2. mynd).

Seiðamælingar – fiskgengur hluti Hofsá

Fjórir árgangar laxaseiða fundust í seiðamælingum á fiskgengum hluta Hofsár, frá 0+ seiðum uppí 3+ seiði. Dreifing laxaseiða var misjöfn, þannig fundust 2+ seiði á öllum rafveiðistöðum, en aðrir aldurshópar á færri stöðvum (1-3. mynd og tafla 1-1). Bleikjuseiði fundust á fimm stöðvum og voru af þremur árgöngum frá 0+ til 2+ og urriðaseiði fundust á öllum stöðvum nema á stöð neðan við Einarsstaði (stöð 5) og var af fjórum árgöngum frá 0+ til 3+ (1-4. mynd og tafla 1-1).

Meðallengd laxaseiða var undir langtíma meðaltal frá 2013 til 2016, en var komið nærri eða upp fyrir meðaltalið í mælingunni 2017 (1-5. mynd). Sama má sjá fyrir meðalþyngdir aldurshópa (1-6. mynd). Hærri vatnshiti undanfarin tvö ár hefur átt sinn þátt, einkum hjá yngstu seiðunum, en rannsóknir á sambandi vatnshita og vaxtar seiða í ám á Vopnafirði leiddi í ljós sterkt samband vaxtar og vatnshita (Þórólfur Antonsson o.fl. 2015). Meðalþyngd mælist nú hærri fyrir alla árganga. Meðallengdir og meðalþyngdir mældust í eða við langtímameðaltal árána 1987-2017 (1-5. mynd og 1-6. mynd). Langtímamælingar á holdastuðli sýna að hann hefur haldist nokkuð stöðugur og litlar sveiflur verið frá meðaltali (1-7. mynd).

Þéttleiki 0+ seiða mældist 8,1 seiði á hverja 100m² (tafla 1-1), en þéttleiki þessa aldurshóps hefur bara einu sinni mælst meiri síðan mælingar Hafrannsóknastofnunar hófust 1979, en það var árið 2003 þegar þau mældust vera 12,2 seiði á hverja 100m² (Viðauki 1-1). Dreifing 0+ seiða var hins vegar ekki mikil og veiddist stærstur hluti þeirra á stöð 6, á móts við Burstarfell (1-3. mynd). Þéttleiki 2+ seiða (12,4 seiði á hverja 100m²) er einnig vel yfir langtímameðaltali, sem er 5,6 seiði á hverja 100m² (tafla 1-1 og Viðauki 1-1). Tveggja ára seiði voru einnig vel dreifð og fundust á öllum stöðum (1-3. mynd). Sama munstur var hjá 3+ seiðum þar sem þéttleiki var einnig vel yfir meðaltali (tafla 1-1 og Viðauki 1-1) og árgangurinn vel dreifður yfir ána (1-3. mynd). Það var eingöngu hrygningarárgangurinn 2015 (1+ seiði) sem mældist undir meðaltali eða 3,7 seiði á hverja 100m² (tafla 1-1). Ekkert 4+ seiði eða eldra fannst í seiðamælingum og líklegt að hár vorhiti hafi ýtt við elstu seiðunum að ganga út til sjávar. Auk þess hafði hrygningarárgangurinn 2012, sem var 4+ ára sumarið 2017, aldrei mælst í miklum þéttleika (Viðauki 1-1). Heildarþéttleiki laxaseiða var 30,6 seiði á hverja 100m² og vel yfir langtímameðaltali (1-8. mynd og Viðauki 1-1).

Þéttleiki bleikjuseiða mældist mestur fyrir 0+ seiði eða 3,1 seiði á hverja 100m², en var undir eitt seiði á hverja 100m² hjá öðrum árgöngum (tafla 1-1). Vorgömul urriðaseiði voru einnig í

mestum þéttleika eða 3,3 seiði á hverja 100m², 1+ urriðaseiði voru 1,5 á hverja 100m², en undir eitt urriðaseiði á hverja 100m² fyrir aðra árganga (tafla 1-1).

Ófiskgengt svæði Hofsár.

Laxaseiði fundust á tveimur stöðvum fyrir ofan foss, við Mel (stöð 10) og við Brunahvamm (stöð 11), en ekki á efstu stöðinni við Kollseyra (stöð 9), en þar fundust hins vegar bleikjuseiði sem ekki fundust á hinum stöðvunum (1-9. mynd). Þrír árganga laxaseiða fundust, frá 1+ til 3+ ára, en tveir árgangar bleikju 0+ og 1+ ára (tafla 1-2). Þéttleiki laxaseiða var undir meðaltali áranna 2002-2017 fyrir 1+ og 2+ seiði, en aðeins fyrir ofan meðaltal fyrir 3+ seiði (tafla 1-3). Þriggja ára seiði, sem eru af hrygningarárgangi 2013, hafa mælst í góðum þéttleika undanfarin ár og sé tekið mið af gönguseiðaaldri sem hefur verið lesin af hreistursýnum (Þórólfur Antonsson o.fl. 2015 og 2016, Hlynur Bárðarson o.fl. 2017 og tafla 1-4) er líklegt á að stór hluti þeirra hafi gengið til sjávar. Flutningur laxa upp fyrir foss árið 2013, virðist hafa heppnast vel og muni skila sér í veiðina næstu tvö ár.

Laxveiðin og hreistursýni

Veiðisumarið 2017 skilaði sér í 547 veiddum löxum, 510 bleikjum og 85 urriðum í Hofsá. Auk þess var einum regnbogasilungi landað. Af þessum 547 löxum var 408 sleppt aftur eða 75% og 139 laxar því afli sumarsins. Meirihluti veiddra laxa voru hængar, en þeir voru samtals 365 (67%) meðan hrygnur voru 182 (33%). Hlutfall stórlaxa í skráðri veiði var 28%, en smálaxa 72%. Hlutdeildin breytist því frá fyrra ári því veiðisumarið 2016 var meirihlutinn eða 64% laxa stórlaxar (Hlynur Bárðarson o.fl. 2017). Þegar sjávaraldur var lesin út frá hreistri höfðu eingöngu 2% þeirra laxa dvalið 2 ár í sjó (eingöngu einn fiskur) og því mikill munur á hreistursýnum og skráðri veiði (Tafla 1-4). Hreistursýni sem bárust voru ekki nema 40 eða 7% af veiddum löxum, þannig að meiri líkur eru á að hreistursýnataka hafi verið skekkt og gefi því ekki marktæka mynd af veiðinni. Mikilvægt er að safna hreistri af um 20% af veiðinni ef hún á að gefa góða mynd. Hreistursýnataka bendir einnig til þess að stærstur hluti af löxunum hafi átt uppruna sinn úr klakárgangi 2013 (72,5%) og hafi því meirihluti veiðinnar verið smálaxar sem dvalið höfðu 3 ár í ferskvatni (tafla 1-4 og 1-5. mynd). Gönguseiðaaldur breytist því undanfarin ár hefur meirihluti veiðinnar verið laxar sem dvalið höfðu í fjögur ár í ferskvatni (1-10. mynd).

Meðalþyngd smálaxa var 2,30 kg (Hrygnur 2,34 kg, hængar 2,29) og meðalþyngd stórlaxa var 5,61 kg (Hrygnur 5,30 og hænga 6,10 kg) (1-11. mynd). Laxveiðin skiptist eftir vikum þannig að hún nær hámarki í lok júlí og helst svo nokkuð jöfn út ágúst en dettur þá niður í byrjun september (1-12. mynd). Sama mynstur er með bleikjuveiði sem að nær hámarki seinni hluta ágúst og dettur svo niður, meðan flestir urriðar koma á land í byrjun september (1-13. mynd). Veiðin dreifist á nokkuð marga veiðistaði en fjórir veiðistaðir (110, 111, 117 og 306) eru með yfir 30 veidda laxa, meðan aðrir veiðistaðir eru með færri (1-14. mynd).

Töflur og myndir

Tafla 1-1. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika seiða (fjöldi á hverja 100m²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum á fiskgengum hluta Hofsár 2017. Einnig er staðalfrávik (SD) frá meðaltali gefið upp, þegar það á við.

Table 1-1. Juvenile total number, density index (number of fish per 100m²), average length (cm), average weight (g), and condition factor (Fulton's K) in the 2017 electro fishing survey in the fish passable part of the Hofsá River. The standard deviation (SD) from the mean was calculated when possible.

Laxaseiði

Aldur	Heildafj.	Fj/100m ²	M-lengd	SD	M-Þyngd	SD	Holdast.	SD
0+	72	8,1	4,6	0,24	0,98	0,23	1,01	0,23
1+	33	3,7	6,8	0,37	3,37	0,61	1,07	0,09
2+	110	12,4	8,5	0,68	6,73	1,69	1,06	0,06
3+	57	6,4	11,3	1,16	16,25	6,23	1,08	0,07

Bleikjuseiði

Aldur	Heildafj.	Fj/100m ²	M-lengd	SD	M-Þyngd	SD	Holdast.	SD
0+	28	3,1	5,8	0,71	1,91	0,75	0,89	0,18
1+	7	0,8	9,0	0,67	7,02	1,52	0,95	0,07
2+	1	0,1	10,4	-	10,5	-	0,93	-

Urriðaseiði

Aldur	Heildafj.	Fj/100m ²	M-lengd	SD	M-Þyngd	SD	Holdast.	SD
0+	29	3,3	5,3	0,78	1,81	0,97	1,14	0,12
1+	13	1,5	8,7	0,72	7,55	2,01	1,13	0,05
2+	8	0,9	12,2	0,82	20,7	4,62	1,12	0,06
3+	2	0,2	14,3	1,77	31	12,7	1,04	0,05

Tafla 1-2. Heildarfjöldi, vísitala þéttleika (fjöldi á hverja 100m²), meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðull (Fulton's K) seiða í rafveiðum á ófiskgengum hluta Hofsár 2017. Einnig er staðalfrávik (SD) frá meðaltali gefið upp.

Table 1-2. Juvenile total number, density index (number of fish per 100m²), average length (cm), average weight (g), and condition factor (Fulton's K) in the 2017 electro fishing survey in the fish impassable part of the Hofsá River. The standard deviation (SD) from the mean was also calculated.

Laxaseiði

Aldur	Heildafj.	Fj/100m ²	M-lengd	SD	M-Þyngd	SD	Holdast.	SD
1+	5	0,7	7,0	0,40	3,8	0,79	1,08	0,15
2+	6	0,9	9,0	0,41	7,5	1,16	1,03	0,06
3+	8	1,2	12,9	1,48	25,2	10,2	1,12	0,11

Bleikjuseiði

Aldur	Heildafj.	Fj/100m ²	M-lengd	SD	M-Þyngd	SD	Holdast.	SD
0+	5	0,8	4,9	0,30	1,1	0,17	0,95	0,10
1+	12	2,0	8,9	0,73	7,0	1,68	0,98	0,06

Tafla 1-3. Vísitala þéttleika (fjöldi á hverja 100m²) og meðallengd aldurshópa laxaseiða sem veiddust á ófiskgengu svæði Hofsár árabilið 2002-2017 af stöðvunum við Brunahvamm og Mel.

Table 1-3. Atlantic salmon juvenile density index (number of parr per 100m²) and average length on the fish impassable part of Hofsá between the years 2002-2017 on the Brunahvammur and Melur sample stations.

Ár	Þéttleiki aldurshópa (Fj./100m ²)					Meðallengdir (cm) aldurshópa			
	0+	1+	2+	3+	Samt.	0+	1+	2+	3+
2002	0,7	0,6	0,6		1,9	3,7	7,5	12,2	
2003	0,8	0,6			1,4	5,6	9,2		
2004	6,0	0,5			6,5	4,6	10,1		
2005	0,4	6,0	3,5		9,9	4,5	7,8	11,1	
2006		0,7	6,7		7,4		6,9	10,0	
2007	1,8	3,9	7,1	2,8	15,6	5,1	7,3	10,7	12,5
2008	0,4	0,8	0,4	0,3	1,9	3,6	7,1	10,8	11,9
2009		4,7	5,3		10,0		7,5	10,8	
2010		2,5	6,3	0,8	9,6		7,7	11,1	13,4
2011		1,3	5,2	3,1	9,6		7,4	10,4	14,0
2012	5,7	0,5	1,0	1,6	8,8	3,6	6,9	10,3	13,1
2013		5,9	2,4	0,8	9,1		7,2	10,9	13,9
2014	0,3		1,0	0,6	1,9	4,0		10,2	13,7
2015		11,5	0,7	1,0	13,2		6,2	7,4	11,5
2016	0,2	2,4	5,4		8,0	4,0	5,7	9,6	
2017		1,1	1,3	1,8	4,2		7,0	9,0	12,9
Meðaltal	1,8	2,9	3,4	1,4	7,4	4,3	7,4	10,3	13,0

Tafla 1-4. Ferskvatns- og sjávaraldur lax í Hofsá 2017, lesið úr hreistri.


Table 1-4. Number of years in freshwater (FY) and of seawinters (SW) for Atlantic salmon caught in the Hofsá River 2017. Based on scale analysis, separated by sex and unknown sex.

Ár í ánni (FY)	Ár í sjó (SW)						Fjöldi	hlutfall
	Hængar		Hrygnur		ókyngreint			
	1	2	1	2	1	2		
3	21	0	4	1	4	0	30	75%
4	6	0	2	0	1	0	9	23%
5	0	0	1	0	0	0	1	2%
Fjöldi alls	6	0	1	1	1	0	40	
hlutfall	68%	0%	18%	2%	12%	0%		100%

Tafla 1-5. Hlutdeild mismunandi árganga (klakár) af laxi úr veiðinni í Hofsa 2017.


Table 1-5. Percentage of year classes (hatching year) in the Atlantic salmon fishing in the Hofsa River 2017.

Klakár	Fjöldi	%	Yfirfært á veiði
2013	29	72,5	397
2012	10	25	137
2011	1	2,5	13
Samt.	71	100	547




1-1. mynd. Vatnakerfi Hofsár í Vopnafirði. Rafveiðistöðvar í rafveiðum 2017 er númeraðar frá 0-7 á fiskgengum hluta og 9-11 á ófiskgengum hluta árinna.

Figure 1-1. The Hofsa River and its tributaries in Vopnafjörður. The sampling sites for the 2017 electro-fishing are numbered from 0-7 for sites at the fish passable part of the river and 9-11 for sites on the impassable part.




1-2. mynd. Vatnshiti (°C) í Hofsá við Hof árin 2014-2017. Hitamælingar fyrir árið 2017 náðu til 20. ágúst. Línurnar sýna meðaltalsferil þar sem dægursveiflur hafa verið jafnaðar út.

Figure 1-2. Water temperature (°C) measured in the Hofsá River next to Hof for the years 2014-2017. The measurements for the year 2017 reach to 20. August. The lines have been smoothed to show the average temperature and to reduce daily variance.




1-3. mynd. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár í Vopnafirði 2017. Rafveitt var á átta stöðvum á fiskgengum hluta Hofsár. Á neðstu myndinni eru allar stöðvarnar teknar saman. Athugið að skalinn á y-ás er mismunandi. Súlurnar eru litaðar eftir aldri seiða.

Figure 1-3. Length distribution (cm) of Atlantic salmon juveniles in the Hofsá River in Vopnafjörður 2017. Eight sites were sampled on the part of the river passable by fish. The sum of all the sites are shown on the bottom panel. The columns are color coded according to age of the parr. Notice the different scales on the y-axis.




1-4. mynd. Lengdardreifing bleikju- (gular súlur) og urriðaseiða (bláar súlur) í rafveiðum á fiskgengum hluta Hofsár 2017. Rafveitt var á átta stöðvum (0-7), neðsta myndin er samtala allra stöðvanna.

Figure 1-4. Length distribution (cm) of Arctic charr (yellow columns) and Brown trout (blue columns) juveniles in the Hofsá River 2017. Eight sites (0-7) were sampled on the part of the river passable by fish. The sum of all the sites are shown on the bottom panel.




1-5. mynd. Meðallengdir 1+ til 3+ laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár frá 1987-2017. Langtíma meðaltal hvers aldurshóps er sýnt með lárétttri brotalínu og eitt staðalfrávik frá meðaltali með lóðréttum línum. Athugið að y-ásar hefur mismunandi skala.

Figure 1-5. Average length (cm) of Atlantic salmon juveniles at the age 1+ to 3+ on the part of the Hofsá River passable by fish, from the years 1987-2017. One standard deviation is given with vertical lines and longtime average with a broken horizontal line. Notice the different scales on the y-axis.




1-6. mynd. Meðalþyngdir hjá 1+ til 3+ laxaseiðum á fiskgengum hluta Hofsaár frá 1989-2017. Gögn vantar fyrir árið 1990. Meðaltal hvers aldurshóps er sýnt með lárétttri brotalínu og staðalfrávik frá meðaltali með lóðréttum línum. Athugið að y-ás hefur mismunandi skala.

Figure 1-6. Average weight (g) of Atlantic salmon juveniles at the age of 1+ to 3+ on the part of the Hofsa River passable by fish, from the years 1989-2017. Data for the year 1990 are not available. Standard deviation is given with vertical lines. Notice the different scales on the y-axis.




1-7. mynd. Meðalholdastuðull 1+ til 3+ laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár frá 1989-2017. Þýngd var ekki mæld árið 1990 og því ekki hægt að reikna út holdastuðul fyrir það ár. Meðaltal hvers aldurshóps er sýnt með lárétttri brotalínu og staðalfrávik frá meðaltali með lóðréttum línum.

Figure 1-7. Average condition factor (Fulton's K) of salmon juveniles at the age of 1+ to 3+ on the part of the Hofsá River passable by fish, from the years 1989-2017. Data for the year 1990 are not available. Standard deviation is given with vertical lines. Notice the different scales on the y-axis.




1-8. mynd. Vísitala þéttleika (fjöldi/100m²) mismunandi aldurshópa laxaseiða á fiskgengu svæði Hofsár frá 1979-2017.

Figure 1-8. Density index (number of individuals/100m²) for different age groups of Atlantic salmon juveniles, in the part of the Hofsá River passable by fish, from 1979-2017.




1-9. mynd. Lengdardreifing lax- (rauðar súlur) og bleikjuseiða (gular súlur) í rafveiðum á ófiskgengu svæði Hofsár 2017. Rafveitt var á þremur stöðvum (9, 10 og 11) og er neðsta myndin samtala fyrir þær þrjár.

Figure 1-9. Length distribution (cm) of Atlantic salmon (red columns) and Arctic charr (yellow columns) juveniles in the part of the Hofsá River impassable by fish 2017. The sum of all the three sites are shown on the bottom panel.




1-10. mynd. Hlutfall mismunandi gönguseiðaaldurs laxa í veiðinni í Hofsá frá 1988-2017. Unnið með greiningum á hreistri.

Figure 1-10. The distribution of the smolt age (number of years in freshwater) of Atlantic salmon caught during the fishing season in the Hofsá River from 1988-2017, inferred from scale analysis.




1-11. mynd. Þyngdardreifing laxveiðinnar í Hofsá 2017, skipt eftir kyni.

Figure 1-11. Weight distribution (kg) of Atlantic salmon caught during the 2017 fishing season in the Hofsá River, separated by sex (male blue, female red).




1-12. mynd. Dreifing laxveiðinnar í Hofsá eftir vikum veiðitímabilið 2017.

Figure 1-12. Number of Atlantic salmon caught for each week during the 2017 fishing season in the Hofsá River.



1-13. mynd. Dreifing silungsveiðinnar í Hofsá eftir vikum veiðitímabilið 2017.

Figure 1-13. Number of Arctic charr (red) and Brown trout (green) caught each of the weeks during the 2017 fishing season in the Hofsá River.



1-14. mynd. Laxveiðin í Hofsá eftir veiðistöðum veiðitímabilið 2017. Fjórtán laxar voru ekki skráðir á veiðistað.

Figure 1-14. Number of Atlantic salmon caught during the 2017 fishing season on each of the numbered fishing sites in the Hofsá River. Fourteen salmon were not assigned to a fishing site and therefore not included in the figure.

Viðaukar

Viðauki 1-1. Þéttleiki (vísitala) laxaseiða á hverja 100m² botnflatar á fiskgengum hluta Hofsár 1979-2017, skipt eftir aldri.

Appendix 1-1. Density index (number of individuals for each 100m²) of Atlantic salmon juveniles, at the part of the Hofsá River passable by fish, from 1979-2017. The numbers are separated by age, and the right most column is a sum across age groups.

Ár	Fj.stöðva	Aldurshópar						Heildar fj./100m ²
		0+	1+	2+	3+	4+	>4+	
1979	1	2,0	20,0	7,0	4,0			33,0
1980	2	0,1	2,8	13,7	3,0	2,2		21,8
1981	4	0,1	1,4	1,0	5,6	0,5		8,6
1982	4	0,1	1,5	3,1	0,9	0,6		6,2
1983	5		0,5	3,4	5,6		0,2	9,7
1984	4		0,8	0,6	6,2	2,5		10,1
1985	9		0,3	0,9	0,3	0,5		2,0
1986	7	0,1	3,2	1,4	0,8	0,1		5,6
1987	10	3,8	0,6	1,9	0,1	0,1		6,5
1988	7	2,3	6,7	0,3	0,4			9,7
1989	5	0,2	4,9	5,9	0,3	0,1		11,4
1990	8	0,3	1,3	5,5	3,3	0,1		10,5
1991	7	1,6	1,7	1,5	2,9	0,7		8,4
1992	6		6,1	8,0	1,7	3,0		18,8
1993	6	0,8	0,8	4,2	4,9	2,0	0,9	13,6
1994	6	5,7	2,2	1,7	4,1	1,3		15,0
1995	6	0,1	6,3	3,0	1,2	1,5	0,2	12,3
1996	7		0,4	3,5	1,0	0,2		5,1
1997	7	1,1	3,9	1,5	2,7	0,1		9,2
1998	7		8,6	1,3	0,1			10,1
1999	6	0,6	1,1	8,5	2,5			12,6
2000	6	0,6	1,8	1,0	3,4	0,1		6,7
2001	7	0,1	7,1	1,4	0,8	0,3		9,5
2002	6	2,6	4,9	7,0	3,0			17,5
2003	6	12,1	3,3	5,9	3,7			25,1
2004	7	5,2	27,1	5,4	1,3			39,0
2005	6	0,5	14,3	11,5	0,4			39,0
2006	7	2,7	6,8	18,0	1,6			29,0
2007	7	3,2	2,6	11,6	7,3			24,7
2008	7	0,3	12,4	4,6	2,5			19,7
2009	7	0,2	2,3	10,7	1,2			14,4
2010	7	0,7	3,3	2,8	6,3	0,1		13,1
2011	7	0,5	8,9	5,8	2,3	0,3		17,8
2012	7	0,3	12,4	9,6	2,1			24,4
2013	8	0,9	8,7	11,7	3,3			24,6
2014	8	2,5	0,4	7,0	8,9	0,2		18,8
2015	8	2,8	10,6	1,0	4,7	0,6		19,7
2016	8	1,7	9,7	13,8	2,0	0,7		27,9
2017	8	8,1	3,7	12,4	6,4			30,6
Meðaltal		1,64	5,52	5,62	2,89	0,45	0,03	16,15

Viðauki 1-2. Meðallengdir (cm) aldurshópa laxaseiða á fiskgengum hluta Hofsár 1979-2017.

Appendix 1-2. Average length (cm) for different age groups of Atlantic salmon juveniles in the Hofsá River 1979-2017.

Ár	m ²	Aldurshópar					
		0+	1+	2+	3+	4+	>4+
1979	200	2,8	5,3	7,0	8,4		
1980	480	4,3	6,3	8,0	10,0	12,5	
1981	1080	3,8	5,2	7,0	8,8	11,0	
1982	1800	3,3	6,1	8,8	10,7	12,7	
1983	810		5,9	8,1	10,9		14,8
1984	530		4,4	6,4	8,8	11,1	
1985	3670		6,6	8,7	10,5	11,6	
1986	1490	3,8	6,1	8,7	11,2	13,0	
1987	4350	3,9	6,7	9,0	11,6	13,0	15,3
1988	2400	3,2	6,0	7,8	11,0		
1989	1300	2,9	5,6	7,8	10,4	13,6	
1990	1445	3,7	5,6	7,3	9,9	11,7	
1991	1960	4,6	6,6	8,1	10,1	12,7	
1992	1450		6,8	9,0	10,5	11,9	
1993	1190	3,3	5,4	9,0	9,7	11,1	13,9
1994	1430	3,5	5,8	7,8	10,0	11,8	
1995	1585	3,2	5,8	7,9	9,6	11,1	11,4
1996	1670		7,0	8,8	11,2	12,2	
1997	1476	4,1	7,3	9,6	11,7	14,0	
1998	1472		6,3	9,2	11,2		
1999	1420	4,2	6,4	8,8	10,8		
2000	1692	4,7	7,3	9,2	11,6	12,8	
2001	1858	3,8	7,3	9,5	10,9	13,0	
2002	1251	4,2	6,5	9,2	10,9		
2003	898	4,6	7,6	9,6	12,0		
2004	998	4,6	7,6	10,5	12,0		
2005	989	4,7	7,1	9,9	11,6		
2006	1267	3,9	6,1	8,3	10,7		
2007	1059	4,2	6,7	8,7	10,8		
2008	1186	3,9	6,5	8,5	10,1		
2009	1297	4,3	6,4	8,6	10,6		
2010	1261	4,6	6,9	8,7	10,5		
2011	1088	3,8	6,9	9,2	11,0	13,0	
2012	1070	4,6	6,6	9,2	11,5		
2013	1240	3,6	6,1	7,9	10,2		
2014	1051	3,9	5,7	8,2	10,0	11,3	
2015	1252	3,3	6,1	7,8	10,1	12,1	
2016	1511	3,7	5,9	8,1	10,4	12,0	
2017	889	4,6	6,8	8,5	11,3		
Meðaltal		3,91	6,33	8,50	10,58	12,24	13,9

Viðauki 1-3. Lífþyngd (g/100m²) einstakra aldurshópa á fiskgengum hluta Hofsár 1979-2017 og samanlögð lífþyngd.

Appendix 1-3. Biomass (g/100m²) of different age groups of Atlantic salmon juveniles in the Hofsá River from 1979-2017. The right most column is a sum across age groups.

Ár	Aldurshópar						Heildar g/100m ²
	0+	1+	2+	3+	4+	>4+	
1979	0,5	32,4	26,2	26,0			85,1
1980	0,1	7,6	76,7	32,9	47,2		164,6
1981	0,1	2,1	3,7	41,8	7,3		55,0
1982		3,7	23,1	12,1	13,5		52,5
1983		1,1	19,8	79,6		7,1	107,6
1984		0,7	1,7	46,3	37,5		86,3
1985		0,9	6,5	3,8	8,6		19,8
1986	0,1	7,9	10,1	12,3	2,4		32,8
1987	2,4	2,0	15,2	1,7	2,4		23,7
1988	0,8	15,8	1,6	5,8			24,0
1989	0,1	8,8	28,9	3,5	2,4		43,7
1990	0,2	2,5	23,4	35,1	1,8		62,9
1991	1,7	5,6	8,7	32,5	15,9		64,4
1992		21,4	63,2	21,4	54,9		160,9
1993	0,3	1,3	22,7	48,0	29,6	25,0	126,9
1994	2,7	4,6	8,8	45,5	23,1		84,8
1995		13,9	16,5	11,8	23,1	3,2	68,5
1996		1,6	26,6	15,8	4,2		48,2
1997	1,0	18,9	14,8	51,8	2,0		88,4
1998		22,4	11,2	1,4			35,0
1999	0,5	3,2	62,9	33,5			100,1
2000	0,7	8,1	9,1	61,2	2,3		81,4
2001	0,1	30,9	13,6	11,8	7,4		63,6
2002	2,1	15,7	61,9	41,5			121,2
2003	15,4	15,9	59,0	72,3			162,5
2004	5,2	135,8	67,5	24,1			232,6
2005	0,6	57,3	124,5	6,5			188,9
2006	1,9	16,6	111,7	20,5			150,8
2007	2,6	8,1	85,3	98,7			194,7
2008	0,2	38,3	30,3	29,1			97,9
2009	0,2	6,6	73,2	14,8			94,8
2010	0,8	11,6	20,1	80,9	1,8		115,2
2011	0,4	32,2	49,3	33,4	6,8		122,2
2012	0,4	40,6	83,7	35,2			159,9
2013	0,4	20,6	60,4	38,0			119,4
2014	2,4	0,7	41,7	98,2	3,0		146,1
2015	1,4	26,4	5,1	56,3	11,3		100,4
2016	0,9	21,3	80,0	24,4	12,4		139,0
2017	8,1	12,6	83,1	104,3			208,1
Meðaltal	1,74	17,38	39,28	36,25	13,96	11,80	103,43

2. Vesturdalsá

Vatnshitamælingar hafa verið gerðar í Vesturdalsá síðan 1989, fyrst til að byrja með eingöngu á sumrin en síðar meir með sítandi hitamæli allt árið. Vatnshiti hefur sveiflast nokkuð undanfarin fjögur ár frá því að vera óvenjulega kaldur yfir sumarið 2015 þar sem meðalhiti dags náði að ekki nema 8,6°C á tímabilinu júní-ágúst en meðaltal síðustu 10 ára hefur verið 10.1°C. Vatnshiti var aðeins hlýrri 2016 og síðan enn hlýrri árið 2017 (2-2. mynd). Vatnshiti á Norðausturlandi hefur sýnt svipaða sveiflu heilt yfir þar sem 2013 var hlýtt ár en svo koma köld ár í kjölfarið og vorið 2017 mældist hlýtt í öllum ám sem vatnshiti val mældur (8-1. mynd). Mikil flóð voru einnig snemmsumars 2017 þegar áin flæddi talsvert yfir bakka sína í kringum í kringum miðjan júní og bakkarof var á stöku stað. Ekki er þekkt hvaða áhrif stórflóð eins og slík hafa á seiðabúskap og fylgjast þarf með hvort einhverjar áberandi breytingar verða á seiðaástandi í framhaldinu. Vesturdalsá hefur verið ein af mikilvægustu rannsóknáám Veiðimálastofnunar (nú Hafrannsóknastofnunar) og þar hefur verið viðhaldið einu lengsta samfellda vöktunarverkefni á laxfiskum á Íslandi. Vöktunin felst meðal annars í merkingum á gönguseiðum og mati á endurheimtum þeirra í Vesturdalsá. Til að rannsóknin gangi upp verður talning á laxi að vera eins nákvæm og hægt er og hefur í því ljósi verið settur upp myndavélateljari sem tekur upp hreyfimyndir af öllum fiskum sem ganga í gegnum teljarann þannig að hægt sé að greina silunga frá laxi og til að greina uggaklippta, merкта laxa frá ómerktum laxi. Við greiningar á gögnum úr teljaranum árið 2016 tókst ekki að stemma fjölda laxa í afla fyrir ofan teljara og þann fjölda sem gekk í gegnum teljarann. Í fyrstu var talið að um hugbúnaðar vandamál í teljaranum væri að ræða, en síðla sumar 2017 kom í ljós að lax virtist geta stokkið yfir stífluna fram hjá teljaranum. Þetta skapar óviðunandi óvissu í mati á stærð göngunnar og endurheimtum. Mikilvægt er fyrir vöktun á fiskstofnum Vesturdalsár að búið verði þannig um stífluna að fiskur gangi óhindrað í gegnum teljara og stökkvi ekki yfir stífluna.

Seiðamælingar

Seiðamælingar fóru fram í Vesturdalsá dagana 17. og 18. ágúst, á sex hefðbundnum rafveiðistöðvum (2-1. mynd). Fimm árgangar laxaseiða fundust í Vesturdalsá 2017, tveir árgangar bleikju og einn árgangur urriðaseiða (tafla 2-1). Vorgömul og 1+ laxaseiði fundust á öllum stöðvum, en aðrir árgangar á færri stöðvum (2-3. mynd). Bleikjuseiði fundust á öllum stöðvum nema við Fremri-Hlíð (stöð 3) og urriðaseiði fundust eingöngu á stöð neðan við teljara (stöð 6) (2-4. mynd). Meðallengd laxaseiða jókst frá fyrra ári fyrir 1+ og 2+ seiði, en fór niður á við fyrir 3+ seiði (Viðauki 2-2, tafla 2-1 og 2-5. mynd). Hluti af 3+ seiðum gengu til sjávar og líklegast er að þau seiði sem ekki hafi náð nægilegri stærð hafi setið eftir og það gæti útskýrt af hverju meðallengd lækkar hjá þessum aldurshópi ólíkt hinum tveimur. Meðalstærð 0+ seiða var sú sama og 2016 eða 4,3 cm, sem er yfir langtímameðaltali (Viðauki 2-2). Meðalþyngd laxaseiða mældist einnig upp á við fyrir 0+, 1+ og 2+ laxaseiði frá árinu 2016, en 3+ voru léttari að meðaltali líkt og þróun í meðallengd (tafla 2-2, 2-6. mynd og Viðauki 2-3). Holdastuðull var lægri fyrir 1+ og 2+ ára laxaseiði en hækkar örlítið milli ára fyrir 3+ seiði (2-7. mynd).

Gönguseiði 2017.

Gönguseiðagildra í Vesturdalsá var komin upp 13. júní og fyrstu gönguseiðin komu í gildruna um nóttina. Notast var við sömu fallgildru og árið 2016 (Hlynur Bárðarson o.fl. 2018). Gildran var starfrækt til 18. júní og höfðu þá samtals veiðst 3071 laxa gönguseiði, 50 bleikjuseiði og 27 laxaseiði sem ekki voru komin í göngubúning (2-8. mynd). Af þessum fimm sólarhringum sem gildran var virk kom meirihluti gönguseiða á síðasta deginum, þegar 1774 gönguseiði veiddust en það samsvarar 58% af allri veiðinni, þó gangan hefði stöðvast deginum áður eftir að hafa náð hámarki þann 15. júní (2-9. mynd). Vatnshiti lækkaði niður fyrir 10°C þann 15. júní og úrkoma var mikil. Veðurfarið breyttist svo aftur 17. júní þegar létti til og vatnshiti fór aftur upp fyrir 10°C. Þessir veðurfars þættir hafa haft áhrif á þróun göngunar. Af þessum 3071 gönguseiði voru 2785 merkt, en 286 tekin í sýni til að kanna aldur og kyn. Meðallengd gönguseiða lax mældist 12,5cm og meðalþyngd 18,3g og voru bæði mæligildin lægri en árið áður og fyrir neðan langtíma meðaltal (1989-2017) sem er 12,9cm og 21,7g (2-10. mynd og 2-11. mynd). Gönguseiðaaldur breyttist talsvert frá fyrri árum, en flest seiðin sem veiddust voru 5+ ára og miklu minna hlutfall var af 4+ ára seiðum. Líklegast er að á þessu séu tvær skýringar, annars vegar sú staðreynd að með köldum árum (2014, 2015 og 2013 mældist einnig kalt í Selá en ekki eru til mælingar í Vesturdalsá fyrir það ár), hefur dregið úr vexti þannig að seiði eru lengur að ná gönguseiðastærð. Hins vegar var hrygningarárgangurinn 2012, sem voru 4+ seiði 2017, verulega lítill, þ.a. hann mældist t.d. eingöngu 0,45 seiði á hverja 100m² sem 1+ seiði, 0,2 seiði á hverja 100m² sem 2+ seiði (Viðauki 2-1). Þessi litli þéttleiki hefur því talsverð áhrif þegar aldurshlutföll eru skoðuð hjá gönguseiðum. Hrygningarárgangurinn 2011, sem var 5+ í göngunni 2017, hefur einnig mælst vel yfir meðaltali í þéttleika en undir meðallengd á sama tíma þannig að hann var lengi að ná gönguseiðastærð (Viðauki 2-1 og Viðauki 2-2). Árgöngum hefur því seinkað inn í veiði vegna þess að þeir hafa verið lengur að ná gönguseiðastærð, líklegt er að þetta eigi einnig við í öðrum ám á Norðausturlandi.

Veiðin í Vesturdalsá 2017

Alls veiddust 88 laxar og 16 bleikjur sumarið 2017 í Vesturdalsá. Af þessum 88 löxum var meirihlutinn smálax eða 52 (59%) meðan stórlaxar voru 36 (41%). Hængar voru í miklum meirihluta smálaxa (82,7%) meðan hrygnur voru aðeins fleirri í hópi stórlaxa (55,6%). Í heildarveiðum voru hængar 59 (67%) meðan hrygnur voru 29 (33%). Veiðin á laxi var mest um mánaðarmótin júlí – ágúst, en allar bleikjur veiddust í sömu viku (2-13. mynd). Veiðisókn eða ástundun hefur breyst frá fyrri árum með tilkomu nýrra leigutaka og var stunduð mismikið eftir vikum sumarsins. Smálaxar voru að meðaltali 2,88 kg (hrygnur 2,74 kg og hængar 2,91 kg) og stórlaxar voru 5,29 kg (hrygnur 5,34 kg og hængar 5,22 kg) (2-14. mynd). Það er ögn hærri meðalþyngd hjá smálöxum en árið 2016, en minni meðalþyngd stórlaxa miðað við sama ár. Flestir laxar veiddust á veiðistað 25 (16), en í heildina dreifðist laxveiðin á 23 veiðistaði (2-15. mynd). Veiðistaður var ekki skráður í veiðibók fyrir veiddar bleikjur.

Teljarinn í Vesturdalsá 2017.

